



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

28. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, þriðjudaginn 21. október 2025 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður
framkvæmda og veitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður
umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2025

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2025.

Lagt fram til kynningar.

2. Fjárfestingaáætlun 2026

Nú stendur yfir vinna við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2026 og því er mikilvægt að taka saman þær fjárfestingar sem nefndin leggur til að ráðist verði í á næsta ári.

Ragnari falið að vinna að samantekt fyrirbyggjandi fjárfestinga sem stuðst verður við á vinnufundum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

3. Íþróttamiðstöð á Borg – viðbygging

a. Verkfundargerð nr. 27

Verkfundargerð nr. 27, dags. 22.08.2025 lögð fram til kynningar.

b. Verkfundargerð nr. 28

Verkfundargerð nr. 28, dags. 04.09.2025 lögð fram til kynningar.

c. Verkfundargerð nr. 29

Verkfundargerð nr. 29, dags. 18.09.2025 lögð fram til kynningar.

d. Verkfundargerð nr. 30

Verkfundargerð nr. 30, dags. 06.10.2025 lögð fram til kynningar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Kaldárhöfði – umsagnir um matsskyldufyrirspurn

a. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Umsögnin lögð fram til kynningar

b. Umsögn Minjastofnunar Íslands

Umsögnin lögð fram til kynningar

c. Umsögn Náttúruverndarstofnunar

Umsögnin lögð fram til kynningar

d. Umsögn Náttúrufræðistofnunar

Umsögnin lögð fram til kynningar

5. Umsóknir um styrki til veghalds í frístundabyggðum

Fyrir liggja 23 gildar umsóknir um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum. Nefndin fjallaði um umsóknirnar og lagði mat á þær með hliðsjón af gildandi reglum um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að veittur verði styrkur til frístundahúsafélaga samkvæmt eftirfarandi töflu:

Nafn Félags	Styrkupp hæð
ÁSAR, frístundabyggð í Búrfell	100.000
Hraun, félag sumarhúsaeigenda í Hraunborgum	100.000
Þristur félag landeiganda í Klausturhólum	100.000
Furuborgir	200.000
Félag sumarhúsaeigenda í Oddsholti	200.000
Félag sumarhúsaeigenda við Kjarrmóa	200.000
Félag sumarbústaðaeigenda í landi Villingavatns	250.000
Félag sumarhúsaeigenda Berjamóa	300.000
FÉLAG LAND- OG FRÍSTUNDAHÚSAEIGENDA VIÐ A OG B GÖTU ÚR NORÐURKOTSLANDI Í GRÍMSNESI.	300.000
Félag landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð í Vaðnesi	350.000
Sumarhúsafélagið v Hestvíkurveg.	350.000
Félag lóðareigenda við Kjalbraut	350.000
Félag sumarhúsaeigenda við Ásgarðsbreiðu	400.000
Félag lóðarhafa að Kiðjabergi	500.000
Sumarhúsafélagið Víðihlíð	600.000
FSNN - Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi og nágrenni	600.000
Félag lóðareigenda Mýrarkoti - Gerði	600.000
Landeigendur Nesi v/ Apavatn	750.000
Félag lóðareigenda í Landi Minna Mosfells	750.000
Langibugur - Vatnsholt	750.000
Félag lóðareigenda í Farengi	750.000
Félag lóðareigenda við Freyjustíg, Ásgarðslandi	750.000
Kerhraun, félag sumarhúsaeigenda	750.000



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

6. Minnisblað dags. 10.09.2025 um innivistarmælingu

Fyrir liggur minnisblað Steinars Sigurjónssonar, umsjónarmanni umhverfismála dags. 10.09.2025 um innivistarmælingu. Í minnisblaðinu er lagt til að framkvæma innivistarmælingu í Kerhólsskóla en í framhaldinu verði einnig framkvæmd innivistarmæling í stjórnsýsluhúsi samhliða framkvæmdum þar.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að tilboði frá Verksýn verði tekið út frá þeim upplýsingum sem koma fram í minnisblaðinu og veittar voru á fundinum.

7. Borgarbraut 26 – Tilboð í endurgerð baðherbergis

Fyrir liggur að leigutakar að Borgarbraut 26 hafa óskað eftir að baðherbergi eignarinnar verði endurnýjað.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að farið verði í minniháttar lagfæringu á baðherbergi eignarinnar sem felst í að endurnýja sturtuklefa og salerni ásamt handlaug ef þörf er á.

8. Minnisblað dags. 07.10.2025 af fundi fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps með fulltrúum Vegagerðarinnar

Fyrir liggur minnisblað af fundi fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps með fulltrúum Vegagerðarinnar um ýmis mál sem snúa að sveitarfélaginu.

Lagt fram til kynningar.

9. Umsóknir um aðgengisstyrki

Sendar voru inn þrjár umsóknir um aðgengisstyrki vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks. Umsóknirnar snúa að bættu aðgengi í íþróttamiðstöð, stjórnsýsluhúsi og á skólalóð.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:05